

Aðildarfélagin tilnefna tvo menn í gerðardóm. Þriðji gerðardómsmaður skal skipaður af menntamálaráðherra skv. tilnefningu höfundaréttarnefndar. Nái aðildarfélagin ekki samkomulagi um skipan gerðardómsmanns eða gerðardómsmanna skal hann eða þeir skipaðir af borgardómara í Reykjavík.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 7.1 Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á fundi, þar sem minnsta kosti $\frac{1}{5}$ hlutar aðildarfélaganna eru mættir.
- 7.2 Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af $\frac{3}{4}$ hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir rétthafa.

F. h. Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar.

Sig. Reynir Pétursson.

F. h. Rithöfundasambands Íslands.

Ragnar Aðalsteinsson.

F. h. Samband flytjenda og hljómplötuframléiðenda.

Sverrir Garðarsson.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagsupprætti af hluta Suður-Seláss í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. desember 1984 staðfest deiliskipulagsupprátt af hluta Suður-Seláss í Reykjavík, sjá fylgiskjal, með þeim fyrirvara að jarðvegsgarður meðfram Suðurlandsvegi verði hvergi nær miðlínu endanlegs vegar en 30 metrar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem Skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

